

Eyrarkláfur mun leggja áherslu á vandaðan frágang mannvirkja og umhverfis sem og góða samvinnu við bæjaryfirvöld við hönnun og gerð bygginga. Þá verður við framkvæmdirnar lögð áhersla á sem minnsta röskun á umhverfinu og áformar félagið að öll hönnun, uppbygging, frágangur og ásýnd verði, eins og kostur er, gerð í sátt við sveitarfélagið, íbúa bess og umhverfið.

Félagið telur einnig ljóst, og tekur undir fyrrnefnda viljayfirlýsingu sveitarfélagsins frá árinu 2020, að fyrirhuguð uppbygging og starfsemi á Ísafirði í tengslum við verkefnið verði til verulegra hagsbóta fyrir sveitarfélagið og til þess fallin að hafa í för með sér jákvæð samfélagsleg áhrif.

Félagið stefnir að því að ákvörðun um fjárfestingu í fullhönnun verkefnis verði tekin eigi síðar en 1. mars 2025 og verði hraðað eftir föngum. Forsenda áframhaldandi þróunar verkefnisins af hálfu félagsins er að samþykki sveitarfélagsins um úthlutun lóða liggi fyrir. Þá er nauðsynlegt að skipulagsvinnu og nauðsynlegum leyfisveitingum sé lokið eigi síðar en 1. mars 2026.

Sé þess óskað af hálfu Ísafjarðarbæjar að Eyrarkláfur veiti frekari upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd er félagið boðið og búið að verða við slíkri beiðni.

Með von um gott og öflugt samstarf,

f.h. Eyrarkláfs ehf.



Gissur Skarphéðinsson  
framkvæmdastjóri